

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af hlutaðeigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði bæjarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

6. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarsjóðs ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. apríl 2004.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.